

## UPPLÝSINGAR og LEIÐBEININGAR:

### Um merkingar mælitækja vegna eftirlits og vegna neytenda.

#### Helstu heimildir:

Rg. nr. 129/1994 um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit

Rg. nr. 616/2000 um ósjálfvirkar vogir

Rg. nr. 955/2006 um löggildingartákn og merkingar eftirlitsskyldra mælitækja

Rg. nr. 465/2007 um innleiðingu á tilskipun nr. 2004/22/EB um mælitæki

Einnig reglugerðir um löggildingar mælitækja sbr. vefsíðuna <http://neytendastofa.is/pages/105>

#### Ósjálfvirkar vogir.

Mælitæki sem eru eftirlitsskyld vegna tiltekinnar notkunar skulu bera merkingar sem sýna að þau uppfylli kröfur.

Ósjálfvirkar vogir skulu hafa yfirlýsingu um samræmi við kröfur tilskipunar um ósjálfvirkar vogir sem var innleidd með EES samningnum og skulu bera CE-táknið ásamt tveimur síðustu tölum ártals fyrir árið þegar það var sett á, kenninúmer tilkynnta aðilans og grænan ferhyrndan límmiða með hástafnum „M“ í svörtum lit. Ósjálfvirkar vogir sem voru teknar í notkun fyrir 1994 eru undanþegnar þessu ákvæði.



Nýjar ósjálfvirkar vogir sem eru teknar í notkun eftir 9. nóv. 2006 skulu bera miða fram að fyrstu löggildingu, sem á stendur NÝTT TÆKI.



Allar ósjálfvirkar vogir skulu því bera miðann NÝTT TÆKI eða gildan löggildingarmiða.

### Sjálfvirkar vogir.

Mælitæki sem eru eftirlitsskyld vegna tiltekinnar notkunar skulu bera merkingar sem sýna að þau uppfylli kröfur.

Sjálfvirkar vogir sem hafa EBE-gerðarviðurkenningu skv. tilsk. 75/410/EBE um samfelldan samlagningarvogarbúnað eða tilsk. 78/1031/EBE um sjálfvirkar gátvigtunar- og þyngdaflokkunarvélar skulu bera merki þar um. Merkið er stílfært e sbr. rg. 129/1994.



Aðrar sjálfvirkar vogir skulu hafa innlenda gerðarviðurkenningu frá Löggildingarstofu/Neytendastofu nema MID-mælitæki sbr. næstu málsgrein. Ekki hefur verið notað sérstakt merki vegna þessara viðurkenninga en gefið hefur verið út skjal fyrir hverja gerð sem hefur fengið viðurkenningu.

Sjálfvirkar vogir sem hafa yfirlýsingu um samræmi við kröfur tilskipunar um mælitæki (MID) sem kom til framkvæmda á EES-svæðinu 31. okt. 2006, skulu bera CE og M merki ásamt ártali og númeri tilkynnts aðila.

C E M 07 9999

Hér merkir 07 ártalið og 9999 merkir númer tilkynnts aðila.

Nýjar sjálfvirkar vogir sem eru teknar í notkun eftir 9. nóv. 2006 geta verið tvenns konar. Annars vegar hafa þær eldri (EBE- eða innlenda) gerðarviðurkenningu og má ekki taka í notkun án undangenginnar löggildingar. Hins vegar geta þær verið MID-mælitæki og má setja þær á markað og taka í notkun svo fremi að fullu samræmismati sé lokið. Það er í sumum tilvikum ekki unnt að gera fyrir en uppsetningu er lokið á notkunarstað. Þær skulu bera miða fram að fyrstu endurlöggildingunni, sem á stendur NÝTT TÆKI.




Allar sjálfvirkar vogir skulu því bera miðann NÝTT TÆKI eða gildan löggildingarmiða.


### Bensíndællur (Mællikerfi fyrir vökva aðra en vatn).

Mællitæki sem eru eftirlitsskyld vegna tiltekinnar notkunar skulu bera merkingar sem sýna að þau uppfylli kröfur.

Mællikerfi sem hafa EBE-gerðarviðurkenningu skv. eldri tilskipun (77/313/EBE) skulu bera merki þar um. Merkið er stílfært e sbr. rg. 129/1994. Mællikerfi tekin í notkun fyrir 1994 eru undanþegin fyrrgreindu ákvæði.



Mællikerfi sem hafa yfirlýsingu um samræmi við kröfur tilskipunar um mællitæki (MID) sem kom til framkvæmda á EES-svæðinu 31. okt. 2006, skulu bera CE og M merki ásamt ártali og númeri tilkynnts aðila.



Hér merkir 07 ártalið og 9999 merkir númer tilkynnts aðila.

Ný mællikerfi sem eru tekin í notkun eftir 9. nóv. 2006 geta verið tvenns konar. Annars vegar eru þau með EBE-gerðarviðurkenningu og má ekki taka í notkun án undangenginnar löggildingar. Hins vegar eru það ný MID-mællikerfi sem má setja á markað og taka í notkun svo fremi að fullu samræmismati sé lokið. Það er ekki unnt að gera fyrr en uppsetningu er lokið á notkunarstað. Þau skulu bera miða fram að fyrstu löggildingu, sem á stendur NÝTT TÆKI.




Öll mællikerfi skulu því bera miðann NÝTT TÆKI eða gildan löggildingarmiða.

## Raforkumælar.


Skýring: Raforkumælum er hér skipt í spanmæla og rafeindamæla nema þeir séu framleiddir í samræmi við tilsk. um mælitæki (MID), þá er ekki gerður greinamunur á tæknilegri útfærslu. Mælitæki sem eru eftirlitsskyld vegna tiltekinnar notkunar skulu bera merkingar sem sýna að þau uppfylli kröfur.

Spanmælar sem hafa EBE-gerðarviðurkenningu skv. eldri tilskipun (76/891/EBE) skulu bera merki þar um. Merkið er stílfært e sbr. rg. 129/1994. Spanmælar teknir í notkun fyrir 1994 eru undanþegnir fyrrgreindu ákvæði.



Rafeindamælar skulu hafa innlenda gerðarviðurkenningu frá Löggildingarstofu/Neytendastofu nema MID-mælitæki sbr. næstu málsgrein. Ekki hefur verið notað sérstakt merki vegna þessara viðurkenninga en gefið hefur verið út skjal fyrir hverja gerð sem hefur fengið viðurkenningu. Rafeindamælar teknir í notkun fyrir 18. ágúst 2000 eru undanþegnir þessu ákvæði.

Raforkumælar sem hafa yfirlýsingu um samræmi við kröfur MID, sem kom til framkvæmda á EES-svæðinu 31. okt. 2006, skulu bera CE og M merki ásamt ártali og númeri tilkynnts aðila.



Hér merkir 07 ártalið og 9999 merkir númer tilkynnts aðila.

Raforkumælar sem eru teknir í notkun eftir 9. nóv. 2006 geta verið tvenns konar. Annars vegar hafa þeir eldri (EBE- eða innlenda) gerðarviðurkenningu og má ekki taka í notkun án undangenginnar löggildingar. Hins vegar eru það nýir MID-mælar sem má setja á markað og taka í notkun án frekari prófunar og löggildingar. Þeir skulu bera miða sem á stendur LÖGGILDING og tilvísun í upplýsingar hjá dreifiveitu. Eigandi mælisins setur eða lætur setja þennan miða á.




Allir nýir raforkumælar skulu því bera miða, annaðhvort löggildingarmiða eða miða fyrir nýja MID-veitumæla.

## Heitavatnsmælar.

Skýring: Heitavatnsmælum er hér skipt í aflræna og rafeinda heitavatnsmæla (d: mekanisk/elektronisk) nema þeir séu framleiddir í samræmi við tilsk. um mælitæki (MID), þá er ekki gerður greinamunur á tæknilegri útfærslu og ekki á heitu og köldu vatni.


Mælitæki sem eru eftirlitsskyld vegna tiltekinnar notkunar skulu bera merkingar sem sýna að þau uppfylli kröfur.

Aflrænir heitavatnsmælar sem hafa EBE-gerðarviðurkenningu skv. eldri tilskipun (79/830/EBE) skulu bera merki þar um. Merkið er stílfært e sbr. rg. 129/1994. Aflrænir heitavatnsmælar teknir í notkun fyrir 1994 eru undanþegnir fyrrgreindu ákvæði.



Rafeindir heitavatnsmælar skulu hafa innlenda gerðarviðurkenningu frá Löggildingarstofu/Neytendastofu nema MID-heitavatnsmælar sbr. næstu málsgrein. Ekki hefur verið notað sérstakt merki vegna þessara viðurkenninga en gefið hefur verið út skjal fyrir hverja gerð sem hefur fengið viðurkenningu. Rafeindir heitavatnsmælar teknir í notkun fyrir 18. ágúst 2000 eru undanþegnir þessu ákvæði.

Vatnsmælar sem hafa yfirlýsingu um samræmi við kröfur MID, sem kom til framkvæmda á EES-svæðinu 31. okt. 2006, skulu bera CE og M merki ásamt ártali og númeri tilkynnts aðila.



Hér merkir 07 ártalið og 9999 merkir númer tilkynnts aðila.

Heitavatnsmælar sem eru teknir í notkun eftir 9. nóv. 2006 geta verið tvenns konar. Annars vegar hafa þeir eldri (EBE- eða innlenda) gerðarviðurkenningu og má ekki taka þá í notkun án undangenginnar löggildingar. Hins vegar eru það nýir MID-mælar sem má setja á markað og taka í notkun án frekari prófunar og löggildingar. Þeir skulu bera miða sem á stendur LÖGGILDING og tilvísun í upplýsingar hjá dreifiveitu. Eigandi mælisins setur eða lætur setja þennan miða á.



Allir nýir heitavatnsmælar skulu því bera miða, annaðhvort löggildingarmiða eða miða fyrir nýja MID-veitumæla.

### Varmaorkumælar.

Mælitæki sem eru eftirlitsskyld vegna tiltekinnar notkunar skulu bera merkingar sem sýna að þau uppfylli kröfur.

Orkumælar fyrir heitt vatn skulu hafa innlenda gerðarviðurkenningu frá Löggildingarstofu/Neytendastofu sbr. rg. nr. 615/2000 nema MID-heitavatnsmælar sbr. næstu málsgrein. Engar innlendar gerðarviðurkenningar hafa verið gefnar út skv. þeirri reglugerð. Orkumælar teknir í notkun fyrir 18. ágúst 2000 eru undanþegnir þessu ákvæði.

Varmaorkumælar sem hafa yfirlýsingu um samræmi við kröfur MID, sem kom til framkvæmda á EES-svæðinu 31. okt. 2006, skulu bera CE og M merki ásamt ártali og númeri tilkynnts aðila.

C E M 07 9999

Hér merkir 07 ártalið og 9999 merkir númer tilkynnts aðila.

Nýja MID-varmaorkumæla má setja á markað og taka í notkun án frekari prófunar og löggildingar. Þeir skulu bera miða sem á stendur LÖGGILDING og tilvísun í upplýsingar hjá dreifiveitu. Eigandi mælisins setur eða lætur setja þennan miða á.

Allir nýir varmaorkumæla skulu bera miða fyrir nýja MID-veitumæla.




## Rennslismælar fyrir kalt vatn.

Skýring: Rennslismælum fyrir kalt vatn er hér skipt í aflræna og rafeinda rennslismæla fyrir kalt vatn (d: mekanisk/ elektronisk) nema þeir séu framleiddir í samræmi við tilsk. um mælitæki (MID), þá er ekki gerður greinamunur á tæknilegri útfærslu og ekki á heitu eða köldu vatni.


Mælitæki sem eru eftirlitsskyld vegna tiltekinnar notkunar skulu bera merkingar sem sýna að þau uppfylli kröfur.

Aflrænir rennslismælar fyrir kalt vatn sem hafa EBE-gerðarviðurkenningu skv. eldri tilskipun (75/33/EBE) skulu bera merki þar um. Merkið er stílfært e sbr. rg. 129/1994. Aflrænir rennslismælar fyrir kalt vatn teknir í notkun fyrir 1994 eru undanþegnir fyrrgreindu ákvæði.



Rafeindir rennslismælar fyrir kalt vatn skulu hafa innlenda gerðarviðurkenningu frá Löggildingarstofu/Neptendastofu nema MID-mælitæki sbr. næstu málsgrein. Ekki hefur verið notað sérstakt merki vegna þessara viðurkenninga en gefið hefur verið út skjal fyrir hverja gerð sem hefur fengið viðurkenningu. Rafeindir rennslismælar fyrir kalt vatn teknir í notkun fyrir 4. nóv. 2002 eru undanþegnir þessu ákvæði.

Vatnsmælar sem hafa yfirlýsingu um samræmi við kröfur MID, sem kom til framkvæmda á EES-svæðinu 31. okt. 2006, skulu bera CE og M merki ásamt ártali og númeri tilkynnts aðila.



Hér merkir 07 ártalið og 9999 merkir númer tilkynnts aðila.

Rennslismælar fyrir kalt vatn sem eru teknir í notkun eftir 9. nóv. 2006 geta verið tvenns konar. Annars vegar hafa þeir eldri (EBE- eða innlenda) gerðarviðurkenningu og má ekki taka þá í notkun án undangenginnar löggildingar. Hins vegar eru það nýir MID-vatnsmælar sem má setja á markað og taka í notkun án frekari prófunar og löggildingar. Þeir skulu bera miða sem á stendur LÖGGILDING og tilvísun í upplýsingar hjá dreifiveitu. Eigandi mælisins setur eða lætur setja þennan miða á.



Allir nýir rennslismælar fyrir kalt vatn skulu því bera miða, annaðhvort löggildingarmiða eða miða fyrir nýja MID-veitumæla.